

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um heimtingu brennivíngjalds.

1873.

25. marz.

Eptir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, 29. júní f. á., um bænarskrá, þar sem íslenzkir kaupmenn nokkrir hér í borginni höfðu farið þess á leit, að gjörð yrði leiðrétting á ýmsum annmörkum og ófullkomlegleikum, sem þeim þókti vera á tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. f. á., og sem þeir nákvæmar höfðu skýrt frá, hefir stjórnarráðið skrifazt á um málið bæði við utanrikisstjórnina og við aðalskattastjórnina, og þar eptir skrifað sækendunum 15. dag þ. m. á þá leið, sem þér munuð sjá af fylgiskjalinu, sem er prentað eptir stjórnartíðindunum dönsku fyrir yfirstandandi ár; höfum vèr jafnframt sent sérhverjum lög-reglustjóra á Íslandi beina leið sumpart eitt exemplar af fyrnefndu prentuðu fylgiskjali, sumpart umburðarbréf til leiðbeiningar við útreikning fyrnefnds gjalds, — en af því látum vèr með þessu brèfi fylgja nokkur exemplör, — sumpart bók *R. W. Bauers „De vigtigste Landes og Stæders Maal, Vægt og Mønt“*, og er meðfylgjanda exemplar af bókinni ætlað landshöfðingjaembættinu.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, mælumst vèr til, að þér segið lögreglustjórunum í suðurumdæminu fyrir, að fara eptir því, sem sagt er í svari stjórnarráðsins til kaupmannanna, og vísið þeim til þess, sem sagt er í bók *Bauers*, ef umburðarbrèfið, sem þeim var sent, eigi hefir inni að halda næga tilsögn við gjaldheimtuna.¹

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans
yfir Íslandi, um dýralækni í suðuramtinu.²

15. apríl.

Í brèfi, dagsettu 27. f. m., hafð þér, herra landshöfðingi,

1) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað samhljóða bréf.

2) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 170, 334.